

ÁKVÖRÐUN nr. 155**frá 6. júlí 1994****um sýnishorn af eyðublöðum sem eru nauðsynleg til framkvæmdar reglugerðum ráðsins
(EBE) nr. 1408/71 og (EBE) nr. 574/72 (E 401-411) ⁽¹⁾**

(95/353/EB)

FRAMKVÆMDARÁÐ EVRÓPUBANDALAGSINS UM FÉLAGSLEGT ÖRYGGI FARANDLAUNÞEGA HEFUR,

með hliðsjón af a-lið 81. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1408/71 frá 14. júní 1971 um beitingu almannatryggingakerfa gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og fjölskyldum þeirra sem flytjast innan bandalagsins, en samkvæmt honum skal framkvæmdaráðið fjalla um öll mál er varða framkvæmd reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 og eftirfylgjandi reglugerða,

með hliðsjón af 1. mgr. 2. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 574/72 frá 21. mars 1972, en samkvæmt henni skal framkvæmdaráðið útbúa sýnishorn af vottorðum, staðfestum yfirlýsingum, tilkynningum, umsóknum og öðrum skjölum sem eru nauðsynleg til framkvæmdar reglugerðunum,

með hliðsjón af ákvörðun nr. 144 frá 9. apríl 1990, ákvörðun nr. 145 frá 27. júní 1990 og ákvörðun nr. 147 frá 10. október 1990 um gerð og breytingar á eyðublöðum sem eru nauðsynleg til framkvæmdar reglugerðunum,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Þessum eyðublaðasýnishornum þarf að breyta með hliðsjón af þeim breytingum sem gerðar hafa verið á innlendum lögum aðildarríkjanna.

Samningur um Evrópskt efnahagssvæði frá 2. maí 1992, eins og honum var breytt með bókun frá 17. mars 1993, VI. viðauki, er til framkvæmdar reglugerðum ráðsins (EBE) nr. 1408/71 og 574/72 á Evrópska efnahagssvæðinu.

Með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar er eyðublaðasýnishornum sem nauðsynleg eru til framkvæmdar reglugerðum ráðsins (EBE) nr. 1408/71 og 574/72 breytt og komið til framkvæmdar á Evrópska efnahagssvæðinu.

Til hagræðingar eru notuð eins eyðublöð í bandalaginu og á Evrópska efnahagssvæðinu.

Vegna fyrirhugaðrar aðildar Liechtenstein að EES skal eyðublöðunum einnig breytt með hliðsjón af Liechtenstein.

Í tilmælum framkvæmdaráðsins nr. 15 var ákveðið á hvaða tungumáli eyðublöðin skyldu útbúin.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. Eyðublaðasýnishornin hér að aftan skulu koma í stað sýnishorn E 401–E 411 sem eru prentuð í ákvörðun nr. 144, 145, 146 og 147, með eftirtöldum breytingum:
 - a) gefið er út nýtt sýnishorn E 407;
 - b) sýnishorn E 401, E 402, E 403, E 404, E 405, E 406 F og E 411 er breytt;
 - c) sýnishorn E 407 F, E 408 F, E 409 og E 412 F eru felld úr gildi;
 - d) sýnishorn E 413 F er óbreytt, en er ekki hægt að nota á EES.
2. Lögbær yfirvöld aðildarríkjanna skulu láta hlutaðeigandi aðilum (lögmaetum umsækjendum, stofnunum, atvinnurekendum o.s.frv.) í té viðeigandi eyðublöð í samræmi við eyðublaðasýnishornin.
3. Hvert eyðublað skal vera fáanlegt á opinberum tungumálum bandalagsins og þannig úr garði gert að mismunandi útgáfur séu algjörlega samsvarandi, þannig að hver sá aðili sem á að fá eyðublað (rétthafar bóta, stofnun, atvinnurekandi o.s.frv.) geti fengið það prentað á sínu eigin tungumáli.

⁽¹⁾ Ákvörðunin var fullgilt fyrir Austurríki, Finnland og Svíþjóð með ákvörðun framkvæmdaráðs Evrópubandalaganna nr. 157 frá 1. júlí 1995.

4. Þessi ákvörðun tekur gildi fyrsta dag mánaðarins eftir að hún hefur birst í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins.

Formaður framkvæmdaráðsins,

Arno BOKELOH

framkvæmdastjóri.

—